

SKIMUNARLISTI

Húsasmíði

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Húsasmíðir þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati er að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 23 ára lífaldur og 3 ára starfsreynsla í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Færni viðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér til hliðar notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Nafn			
Lífaldur		Starfsaldur í grein / ár	

Öryggismál	1	2	3	4
Ég hef reynslu og þekkingu til að greina slyshættur og þekki kröfur um notkun öryggisbúnaðar við byggingaframkvæmdir				
- þekki öryggis- og hlífðarbúnað sem er á tækjum eða verkfærum				
- get greint helstu áhættuþætti sem tengjast starfinu				
- kann skil á öryggisráðstöfunum og fallvörnum við þakvinnu				
- þekki helstu reglur um meðferð og förgun byggingar-, úrgangs- og spilliefna				
Annað sem þú vilt bæta við:				

Timburhús	1	2	3	4
Ég kann skil á og get tekið undirstöður í rétta hæð fyrir dregara				
- get byggt upp timburgólf og þekki hvernig timburgólf eru fest við sökkul- eða súluundirstöður				
- get smíðað útveggi og berandi innveggi				
- þekki til stýfinga á grindarveggjum, staðsetningu stoða og festinga				
- þekki helstu þakgerðir og mismunandi útfærslur þeirra				

- þekki mismunandi útfærslur á þakköntum og reglur um loftun þaka				
- þekki frágang á sperrum við sperrufót og mæni				
- kann skil á algengustu þakklæðingarefnum og hvaða festingar má nota				
- þekki helstu útfærslur á kvistum og öðrum útbyggingum á þökum				
- get gengið frá fullbúnum útvegg með liggjandi og standandi timburklæðningu				
- get einangrað og klætt gólf, vegg og loft innanhúss og þekki til gólfklæðningar á gólfbita með gólfborðum og gólfplötum				
- get komið fyrir einangrun og gengið frá rakavarnarlagi og kann skil á virkni þess				
- kann skil á uppsetningu og afréttingu veggja með rafmagnsgrind				
- get sett í útihurðir og glugga, glerjað og gengið frá bæði að utan og innan				
Annað:				

Gluggar, útihurðir og inniklæðningar	1	2	3	4
Ég þekki smíðaeefni og eiginleika sem notuð eru við smíði glugga og útihurða				
- þekki yfirborðsmeðhöndlun glugga og útihurða				
- þekki til notkunar málma og plasts við smíði glugga og útihurða				
- þekki áhöld og vélar sem notuð eru við smíði glugga og útihurða				
- þekki til samsetningar og smíði glugga og útihurða				
- þekki til uppsetningar og klæðningar kerfisveggja og lofta innanhúss				
- þekki helstu verkfæri sem notuð eru við inniklæðningar				
- veit hvernig hægt er að forma og klæða gipsplötur á bogna vegg				
- þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi, eiginleika þeirra og hvernig það skuli lagt og viðhaldið				
Annað:				

Innréttingar	1	2	3	4
Ég þekki til efna sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða				
- kann skil á framleiðslu málaðra innréttinga úr MDF-plötum				
- þekki til samsetninga og fylgihluta á innréttingum				
- þekki notkun trésmíðavéla til plötuvinnslu og spónlagningar				
- þekki mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum				
- get smíðað og sett upp skúffur og fylgihluti í innréttingar og skápa				
- þekki til spónlagningar og yfirborðsmeðhöndlunar innréttinga				
- get staðsett og tekið úr fyrir lömum og skrá				
Annað:				

Steinsteypuvirki	1	2	3	4
Ég þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingarstað				
- kann skil á algengustu mæliaðferðum og mælitækjum				
- get sett út hæðir á byggingarstað út frá fastpunkti				
- kann skil á einangrun botnplötu og sökkulveggja				
- þekki smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta og kann að koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót				
- þekki til framleiðslu og niðurlagnar steinsteypu				
- kann skil á aðhlyningu, þurrktíma og eftirmeðhöndlun steinsteypu				
- þekki helstu gerðir og reglur um verkpalla				
Annað:				

Ráðgjafi hjá fræðslu- eða símenntunarmiðstöð getur leiðbeint þér um framhaldið, meðal annars fundið út hvort og hvenær raunfærnimat er að hefjast í greininni.

Nánari upplýsingar um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar má finna [hér](#).

Gangi þér vel.